

Þeir sem þrá regnbogann verða að sætta sig við regnið

- Dollý spáir í árið 2010

Það var stjörnuþjálfi en kalt þegar ég stillti mér upp fyrir utan dyrnar hjá vinkonu minni Dulfríði Jakobínu Hansdóttur, Dollý dulrænu. Slökkt var á útidyraljósinu og í stað bjölluhljóms í ætt við Big Ben, eins og í fyrra, heyrðist reiðilegt urg í dyrabjöllunni. Enginn kom til dyra svo ég reyndi á ný við dyrabjölluna en það var ekki fyrr en ég barði þéttingsfast á dyrnar sem drottningin kom til dyra, nákvæmlega eins og hún var klædd!

Eins og venjulega heilsaði hún mér drottningin og hló að mér um leið, eða svo fannst mér því Dollý var svo ákaflega glöð að sjá mig að hún skellti uppúr og sló sér á lær. Greinilegt var að hún hafði fengið sér einn eða tvo „sterka“ kaffibolla áður en ég kom og það var létt yfir henni. „Gakktu í bæinn elskan mín, komdu inn úr kuldanum. Meira hvað boli ætlar að bíta í okkur um þessi áramót,“ sagði hún. „Annars er það bara ágætt að hafa svona kalt, þá hefur maður afsökun fyrir því að vera ekkert að þvælast úti. Mér leiðist þessi kuldi og vildi helst vera bara á Kanarí með hinu gamla fólkinu, orna mér þar við sólaryl og kíkja kannski á strákana á nektarströndinni.“ Hér skellti Dollý uppúr, varð dálítið dreymin í framan og hafði augljóslega einhverja ákveðna mynd í huga sér.

„Þú ert víst komin til að forvitnast um árið komandi, er það ekki vina mín?“ spurði hún og ég var fljót að játa það. „Var ég langt frá þessu í fyrra?“ spurði hún. „Nei, nei, þetta var ágætt hjá þér“ svaraði ég og var svo sem ekkert að tína það til að hvorki Ingibjörg Sólrún né Geir Haarde eru á þingi eins og hún hafði spáð. Ekkert bólar enn á syni Vilhjálms Bretaprins og engin urðu uppþotin í Lundúnaborg. En hún hittir svo sem á margt, formaður Framsóknar kom á óvart, sukkarar og eiginhagsmunapotararnir hafa leynst víða og margir hafa verið duglegir við að minna á þá sem brattast fóru í bönkunum.

Dollý er komin fram í eldhús og sækir sér kaffi úr könnu sem hellt hefur verið uppá á gamla mátann. Expressóvélin



frá í fyrra stendur á sínum stað og lítur ekki út fyrir að hafa verið notuð lengi. Eins og mig grunaði laumaði hún göróttum drykk í kaffið, að þessu sinni úr plastbrúsa sem eitt sinn innihélt Kóka kóla. Ég spyr einskins en þigg kaffi sem hún býður mér, með örlítilli mjólk.

Við setjumst við eldhúsborðið og Dollý dregur fram forláta kristalskúlu sem þar var undir dulu með blómamynstri. „Hvað viltu vita ljúfan mín,“ spyr hún og fær sér vænan slurk úr kaffibollanum. „Æ, bara þetta sama og venjulega. Hvernig verður árið fyrir okkur Íslendinga, hvernig mun okkur farnast í þessum ógöngum sem við erum og getum við vænst bjartsýni á komandi ári?“

„Þú biður ekki um lítið ljúfan mín,“ segir Dollý og bætir við „Íslendingar eru loksins að átta sig á því að nafna mín Parton hafði lög að mæla þegar hún sagði að þeir sem þráðu regnbogann yrðu að sætta sig við regnið, og það hefur sannarlega rignt á okkur undanfarið, það hefur eiginlega verið úrhelli og ekki höfum við enn séð regnbogann, því miður. En það mun stytta upp um síðir, það er alltaf þannig, það er alltaf þannig,“ sagði Dollý og er greinilega mikið niðri fyrir.

Sannleikurinn getur orðið okkur þungbær

Dollý þagði um stund en sagði síðan stundarhátt „Þú munt sjá sannleikann, og sannleikurinn mun gera þig brjálaðan!“ Ég hváði en Dollý var komin í sinn hugarheim og var djúpt hugsí. „Sannleikurinn, ljúfan mín, sannleikurinn getur orðið okkur þungbær. Þegar skýrslan birtist í upphafi árs þá verða margir reiðir, margir hissa, margir fegnir og margir munu stynja stundarhátt og segja: „Ég sagði þetta!“ En því miður verður ekki mikið gert í framhaldi þessa. Því miður.

Fólkið, fólkið er búið að fá nóg, margir þeirra sem höfðu sig mest í frammi fyrir ári síðan munu vera í því hlutverki að stilla til friðar. Marga óaði við þeim ólátum sem urðu við Austurvöll, en það var samt mikill skilningur á málum. Þeir sem stilltu sér upp fyrir framan lögregluna vita að ofbeldi leysir engan vanda. Ef ekki ríkir friður er það vegna þess að við höfum gleymt að við tilheyrum hvort öðru, hvort öðru, við erum eitt, ein þjóð, einn hópur. Einn,“

Dollý sígur hér niður að kaffibollanum sínum og virðist fallin í trans. Það varir þó ekki lengi því hún reisir sig upp og horfir djúpt í augu mér. „Friður næst ekki með ofbeldi, friður næst aðeins með skilningi. Við þurfum að skilja hvað gengur á, það er hlutverk stjórnvalda að upplýsa okkur. Það hefur ekki verið nóg af því hingað til, en það mun lagast. Sem betur fer það mun lagast. En það finnst alltaf einhverjir svartsýnismenn sem sjá ekkert nema

bölmóð hvar sem þeir líta. Því miður eru nokkrir slíkir á þinginu. Þeir vita ekki að bjartsýnismaðurinn vakir fram yfir miðnætti á nýársnótt til að sjá nýja árið rísa en sá svartsýni vakir til að tryggja að það gamla fari örugglega. Þetta er ekki einfalt líf, ekki einfalt."

Erum við ekki búin að fá nóg af Icesave?



icesave clear difference
PART OF LANDSBANKI, REYKJAVÍK, ICELAND

Ég er steinhætt að skilja nokkuð í því sem Dollý er að segja og reyni að vekja hana aftur til lífsins og spyr „Verður mikið talað um Icesave á nýju ári?”

Dollý sprettur á fætur, lemur þéttingsfast í borðið og hrópar á mig ... „Icesave, helvítis Icesave. Erum við ekki búin að fá nóg af því? Er því ekki lokið! Viltu endilega tala um Icesave?” Ég reyni að róa vinkonu mína og segi

henni að ég sé sannarlega búin að fá nóg en er niðurstaða Alþingis í málinu skynsamleg? „Hvað er skynsamlegt? Veist þú hvað er skynsamlegt? Hvernig veit maður að loftið sem maður horfir á sé í raun og veru ekki gólf? Við vitum ekkert um það nema fara út og sjá hvað byggingin sem við erum stödd í er há.

Það er einmitt það sem mun gerast á næsta ári. Íslendingum lánast að fara út og sjá heildarmyndina, eða það sem eftir er af henni. Það verður ekki fallett skal ég segja þér, það verður ekki fallett. En þegar við loksins komumst út og sjáum vandann, þá vitum við líka hvar skal byrja, hvar þarf að bæta, breyta, laga og byggja upp. Þetta er risastórt skref framá við, en það sjá það ekki allir og enn munu bölsýnismennirnir koma fram og berjast á brjósti. Þar mun formaður Sjálfstæðisflokksins fara fremstur í flokki, hvattur áfram af mönnum á bak við tjöldin sem engum dylst þó hverjir eru. Formaður þessa flokks mun ekki njóta mikillar virðingar fyrir störf sín og er það miður en hann er of tengdur efnahagshruninu og að honum verður sótt innan hans eigin raða. Ég sé ekki betur en að hann muni láta af embætti þegar líður á árið, hann missir a.m.k. stóran spón úr aski sínum og stendur snauðari eftir og í mikilli vörn.

Heimspekingurinn Friedrich Nietzsche sagði að það væru í raun ekki til neinar staðreyndir, aðeins túlkanir og einmitt það mun vefjast fyrir alþingismönnum á vörþingi. Það er komin gríðarleg þreyta í þingmenn og þeir treysta engum nema þeim sem eru innan þeirra eigin raða. Það er miður því ef íslensk þjóð hefur einhvern tíma haft þörf fyrir traust, sterkt þing og samstöðu þá er það nú. Því miður munu þingmenn missa af tækifærinu til að sýna styrk íslenskrar þjóðar og úta við munum við verða smáð og höfð að háði og spotti meðal þeirra þjóða sem áður voru okkar helstu

bandamenn.

Verja heiður þjóðarinnar

Sem betur fer eigum við þó til fólk sem ekki hefur tapað sjálfu sér við það að sníða sér stakk sem hentar öðrum. Þessir einstaklingar munu standa upp og verja heiður þjóðarinnar út á við og blása henni byr í seglin sem svo mjög hefur skort. Ég sé engan af núverandi þingmönnum í þessu hlutverki en þetta er þó einstaklingur sem hefur verið í stjórnámum og er virtur sem slíkur. Hann er ekki úr höfuðborginni og er karlmaður ... hann er ... er ... ég sé hann en kem honum ekki fyrir mig. Hann er fyrsta flokks útgáfa af sjálfum sér en ekki annars flokks útgáfa af einhverjum öðrum, eins og svo margir. Gæðamaður, gæðamaður.

Sagan hefur því miður kennt okkur það að menn og þjóðir haga sér aðeins viturlega þegar allir aðrir möguleikar hafa verið útilokaðir. Allir aðrir möguleikar útilokaðir. Það kemur þó ekki í veg fyrir að þrátt fyrir bölsýni og bölmóð sem hér hefur riðið röftum þá mun íslensk þjóð komast út úr þessu ástandi tiltölulega ólöskuð en vígmóð. Það mun ekki gróa um heilt fyrr en eftir mörg ár og sagan verður okkur erfið, mjög erfið.

Við þurfum að líta í spegilinn



Græðgi hefur ráðið hér ríkjum og enn hefur þjóðin ekki endurmetið gildismat sitt, enn vilja menn allt fyrir ekki neitt. Við verðum að líta í spegilinn, sjá okkur sjálf og byrja breytingarnar á okkur sjálfum. Það segir einhversstaðar að það að segja „Ég þarf að gera eitthvað” skilar mun betri árangri en að segja „það þarf að gera eitthvað”. Þetta verðum við að temja okkur, við viljum breytingar, til að ná þeim þurfum við að byrja á okkur sjálfum, hver og einn þarf að byrja á sér sjálfum. Við búum ekki í einhverju hókus þókus samfélagi þar sem hægt er að veifa töfrasprotta og allar okkar áhyggjur, skuldir og misgjörðir hverfa. Því miður, það er ekki hægt."

Að byggja brú þó engin finnist áin

Hér þagnar Dollý og veltir vöngum í bókstaflegri merkingu. „Þessir stjórnámamenn eru allir eins. Fyrir kosningar lofa þeir að byggja brú, jafnvel þó engin finnist áin, og stundum heimta þeir kosningar að því er virðist aðeins til þess að sýna fram á að eitthvað sé að marka skoðanakannanir. Hvað er að þessu fólk. Ert þú ekki í pólitík, sá ég það ekki einhversstaðar?” Spurningin kemur flatt uppá mig en ég get ekki neitað. „Jú, en ég held ég fari að hætta fljótlega, held ég!”

„Hvurslags svar er þetta kona, svaraðu almennilega þegar þú ert spurð. Ertu kannski eins og allir aðrir stjórnámamenn sem hefur komist að því að það þarf að skilja stjórnálin eftir hjá stjórnámamönnum og svo þykist þú ekki vera einn slíkur? Er það?”

Ég á ekkert svar við þessari spurningu og lít því ofaní borðið og stari í tóman bollann minn.

Dollý skynjar að mér finnst umræðan óþægileg og segir, heldur mýkri í röddinni, „sumarið verður gott, mjög gott, það þarf ekki að hafa áhyggjur af því. Sem betur fer verður það til þess að léttja lund okkar og ferðaþjónustan mun blómstra um allt land. Jafnvel á stöðum sem Íslendingar hafa ekki verið duglegir að heimsækja verða slegin aðsóknarmet. Þetta verður til þess að menn fara að ræða um að rukka inni þjóðgarðana líkt og gert er annarsstaðar í Evrópu og víðar. Það mun ekki mælast vel fyrir meðal almennings sem ferðast mun meira innanlands en áður enda mun krónan ekki ná sér á strik á árinu 2010. Hún verður á svipuðum stað um þessi áramót og þau næstu, sem er gott fyrir útflutningsfyrirtækin en að sama skapi slæmt fyrir almenning í landinu sem mun þurfa að sætta sig við meiri dýrtíð, meiri verðbólgu og minni kaupmátt en spáð hefur verið.”

Kosningar í vor



Dollý stendur skyndilega á fætur, gengur að kaffivélinni með bollann sinn, hellir drjúgum slurk úr kókbrúsanum í bollann og fyllir upp með nokkrum dropum af kaffi. „Það verður kosið í vor, eins og vitað er. Ekki verða stórkostlegar breytingar á sveitarstjórnnum en þeim mun þó í heildina vegna vel á nýju ári. Það er einfaldara að ná samstöðu á sveitarstjórnarstiginu

en í landsmálunum. Baráttan er ekki eins hatrömm. Sveitarfélögum mun þó fækka á árinu og ekki verður öll sú sameining af góðu sprottin. En hún fer fram í góðri sátt og það er fyrir mestu.

Í Reykjavík sé ég nýjan meirihluta, en eftir síðasta kjörtímabil kemur það ekki á óvart, er það? Það verður mjótt á munum og enn verður uppi sú staða að einn borgarfulltrúi getur hallað sér til hægri og vinstri að vild og fer hann þangað sem hann fær best fyrir eigin hag. Prófsteinn hugrekkis kemur þegar menn eru í minnihluta og prófsteinn þolgæðis kemur þegar menn eru í meirihluta. Þessi eini fellur á báðum prófum, báðum prófum, því miður.”

Dollý rýnir í kúluna sína, lítur svo í augu mér og segir: „Þú ert úr Kópavogi, er það ekki?” Því er ekki neitað og hún heldur áfram. „Mig langar að sjá breytingar þarna en það er djúpt á þeim. Líkt og í Reykjavík þá veltur þetta allt á einum manni sem virðist bara hafa hægri augað í lagi og eyrað sem hvíslað er í er klárlega hægra megin líka. Þetta verður erfitt þar, en það er allt hægt, ef viljinn, krafturinn og dugnaðurinn er fyrir hendi. Hann Gunnar mun sækja fram og aftur, en úr honum er allur kraftur, hann er ekki nema helftin af sjálfum sér, líkamlega og andlega og það dregur af honum. Siðbót hefur farið fram og jafnvel hinir

dyggustu munu sjá að hann er ekki andlit siðbótarinnar og honum verður hafnað. Það á reyndar við um fleiri hér á höfuðborgarsvæðinu og fyrir austan. Siðbótin sem þjóðin krafðist á Austurvelli náði ekki inni Alþingi en hún mun ná inni sveitarstjórnirnar og er það vel. Þetta fer ekki vel í alla en ekki gleyma því að sagan lítur aldrei eins út í framtíð og nútíð. Mennt sem hafa verið fordæmdir munu ekki fá eins þunga dóma í sögunni og aðrir sem hafa í dag ágæta stöðu.”

Hvað fær konu til að eignast annað barn?



Enn stendur Dollý upp en mér að óvörum fer hún ekki að kaffikönnunni heldur að forlata geislaspilara og íslenska hljómsveitin Hjaltalín hefur upp raust sína. Dollý sest að nýju og segir „Ferðatöskumaðurinn er uppáhaldslagið mitt, mér finnst það vera svo vel við hæfi á Íslandi í dag,

svolítið þungt, en samt svo létt. Íslendingar eru nefnilega að eðlisfari frekar léttir og kátir, við kunnum einhvernvegin ekki að vera reið lengi og við erum fljót að gleyma. Líkt og kona sem elur barn við miklar þjáningar, hvað fær hana til að eignast annað? ... ekki eins og ég hafi reynt þetta, en þetta hef ég heyrt!

Ekki gott íþróttarár

Eigum við ekki að kíkja aðeins á íþróttirnar? Þetta verður ekki gott íþróttarár, ekki á alþjóðlegan mælikvarða a.m.k. Okkar yngsta fólk mun þó skara framúr, fimleikar, dans og fótþolti stúlkna verður stolt Íslands. Margir af efnilegustu leikmönnum okkar í handbolta og fótþolta karla hverfa úr landi og freista þess að fá samning erlendis. Það verður þeim ekki öllum til góðs og nokkrir leikmenn koma heim aftur með skottið milli fóta sér. En þetta er allt ungt fólk og ungt fólk á að reyna fyrir sér. Ég hef engar áhyggjur af æsku landsins, þvert á móti, æskan er ekki jafn uppfull af bölmóði og þeir eldri og þeir vekja vonir og bjartsýni í brjóstum okkar.

Makleg málagjöld

Á menningarsviðinu koma margir fram en fáir munu slá í gegn. Kvikmyndaleikstjórinn sem ég spáði í fyrra nær loksins takmarki sínu og við munum vekja athygli erlendis á menningarsviðinu. Álit útlendinga mun almennt batna á árinu, það vill nefnilega þannig til að langtímaminnið í útlöndum er álíka slæmt þar og hér heima. Það verður okkur til happs.

Við munum gæta þess að þeir sem leiddu útrásina á árinu 2007 fái þau málagjöld sem þeir eiga skilið, hvorki meira né minna. Fyrir þetta munum við njóta virðingar. Það þarf að taka á þeim sem stærsta rullu léku af festu og heiðarleika. Hlutlægt mat og sanngirni mun verða leiðarljós dómstóla



og þeirra sem ákæra. Margar ákærir munu líta dagsins ljós, þó þær verði e.t.v. færri en margir vildu. Útrásarmenn sem skráðir eru til heimilis munu koma hingað heim og taka út sína refsingu. Þeir skynja að undan því verður ekki komist og munu í framhaldinu taka þátt í að byggja upp á nýtt. Maðurinn getur breyst, menn læra með tímanum, jafnvel þó

tíminn muni ekki koma í veg fyrir að sömu mistökinn verði gerð tvisvar.

Ég var búin að segja þér að sumarið verður gott, veturinn verður mildur en það koma hryðjur sem munu kosta mikið og við verðum óþægilega minnt á náttúruöflin þegar við teljum að vorið sé komið. Enn á ný sé ég hamfarir fyrir austan, hamfarir sem verða okkur ekki léttvægar.

Bretar munu skipta um þjóðhöfðingja á árinu og öllum að óvörum tekur Karl Bretaprins við veldissprotanum af móður sinni. Andstaða við hjónaband hans og Camillu Parker Bowles verður þó til þess að hann mun ekki sitja lengi og sonur hans Vilhjálmur tekur við á árinu 2011 eða 2012. Þá verður hann ógiftur en mun eiga vingott við stúlku sem þjóðin á erfitt með að sætta sig við. Sonur hans verður loksins kominn í leitirnar og er það slíkur fríðleiksdrengur að Bretar standa hreinlega á öndinni. Okkur Íslendingum finnst hann hins vegar ósköp venjulegt barn. Þeir eru ekki beint fallegir Bretarnir,“ segir Dollý og skellir uppúr með miklum látum.

Kínverjar fara mikinn



Ég sit hljóð, því ég sé að mikið æði er runnið á vinkonu mína „Kínverjar fara mikinn á árinu 2010, þeir sækja mikið fram tæknilega og svo verður komið að þeir ná ekki að brauðfæða þjóð sína því áherslan hefur verið á tækni en ekki lífsgæði. Þetta

veldur gríðarlegri mikilli vesæld sem Kínverjar munu ekki viðurkenna en sökum tækniframfara tekst þeim ekki að fela það fyrir umheiminum eins og þeir hafa gert til þessa. Verða þeir fyrir miklu ámæli á heimsvísu og munu hljóta mikla skömm fyrir.

Írar munu sömuleiðis fara mikinn á árinu, en ekki sé ég hvers vegna. Taktu bara vel eftir Írlandi, ætli þeir vinni ekki bara Eurovision!”

Dollý dæsir, lítur á mig og spyr: „Eigum við ekki aftur að snúa okkur að pólitíkinni hér heima?”

„Jú, mín vegna. Hvað með Jóhönnu?”

Dollý skellir enn einu sinni uppúr, slær sér á lær og segir: „Jóhanna, henni er nú ekkert ómögulegt. Sagði hún ekki að amma hennar hefði orðið ríflega 100 ára? Hún verður það líka og á því nokkra áratugi eftir enn. En það verður sótt að henni, ekki aðeins utan hennar flokks, heldur einnig innan frá. En hún á sér marga stuðningsmenn og hún verður varin innan flokks og utan. Margir hafa dæmt hana úr leik, var ekki einhver skruddukerling að gera það í einhverju blaði á dögnum? En þeim verður ekki kápan úr því klæðinu. Jóhanna hefur hingað til ekki horfið frá hálfnuðu verki og það gerir hún ekki núna heldur. Ég er þó ekki viss um að hún klári kjörtímabilið, en hún víkur sjálfviljug, það er klárt!”

Framsókn henglar einar

Dollý stendur einu sinni enn upp, bætir kaffi og kaffibæti í bollann sinn og sest síðan niður. „Er það eitthvað fleira ljúfan mín?”

„Já ég var að spá í hvort þú gætir eitthvað séð hjá Framsóknarflokknum, eða hjá þeim mörgu Íslendingum sem flutt hafa til Noregs?”

„Heija Norge!” hrópaði Dollý. „Norðmönnum er ekki vöðlað saman skal ég segja þér. Þeir eru öðlingar heim að sækja, þó nískir séu þeir með afbrigðum. Íslendingar eru velkomnir í Noregi og verða enn um sinn, en þegar Norðmenn átta sig á að sumir hverjir hafa þangað komið til að yfirgefa skuldir sínar á Íslandi þá munu Íslendingarnir ekki njóta þar friðhelgi og einhverjir verða sendir heim aftur með skömm og fordæmingum.

Framsóknarflokkurinn eru henglar einar og lítið um það að segja. Formaðurinn sem sannarlega kom á óvart á árinu 2009 hefur haldið áfram að koma á óvart og er ekki sú hvíta dúfa sem hann þóttist vera þegar hann var kjörinn. Hann dregur á eftir sér ættardraug og fleira sem erfitt er að eiga við á tímum sem þessum. Hann verður afturreka úr flokknum annað hvort á nýju ári eða því næsta. Ungur ættstór drengur mun taka við flokknum og gera allt sem hann og faðir hans getur gert til að byggja upp þennan forna rísa, þó án erindis og erfiðis.”

Hér lítur Dollý upp horfir stíft í augu mér og segir svo: „Æ, er þetta ekki nóg. Ég þarf að þrifa og er búin að fá nóg kaffi í bili.”

Ég spyr hana ekki út í lettnesku húshjálpinna sem var hjá henni á síðasta ári því sjálfri finnst mér nóg komið. Ég þakka fyrir mig, kyssi Dollý á vangann, óska henni farsældar á nýju ári, býð góða nótt og hverf út í myrkrið og frostið.